

37. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 25. febrúar 2021 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð. Nanna Kristjana Traustadóttir hefur verið skipaður aðalfulltrúi Keilis í stjórn í stað Jóhanns Friðriks Friðrikssonar og var hún boðin velkomin.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og uppkomur

Forstöðumaður Þekkingarsetursins sagði frá vinnu fyrir INTERACT við mat styrkumsókna og samantektar á upplýsingum um leyfisveitingar, sem unnið er að fyrir öll aðildarlöndin. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur framlengt samningi við Þekkingarsetrið, og öll hin setrin á landinu um eitt ár. Samtök þekkingarsetra hafa sent ítrekun til ráðuneytisins um mikilvægi þess að samið verði við setrin til lengri tíma eins og stefnt hafði verið að. Fjallað um styrkumsóknir og sumarstörf í Þekkingarsetrinu.

2. Starfsáætlun 2021

Forstöðumaður kynnti starfsáætlun ársins sem var send Mennta- og menningarmálaráðuneyti í lok janúar. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu setursins undir liðnum Skjöl.

3. Viðhald húsnæðis

Forstöðumaður fór yfir þær framkvæmdir sem farið var í á síðasta ári og það sem fyrirhugað er í ár, en það eru aðallega viðgerðir á þakgluggum á efri hæð.

4. Kynning á verkefninu Tjaldarnir okkar - Njósir í nærumhverfi.

Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur hjá Þekkingarsetrinu, sagði frá verkefninu sem hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja í lok síðasta árs. Verkefnið verður unnið í samstarfi við sex grunnskóla á svæðinu og hefst á næstu vikum.

5. Önnur mál

- a) Ársfundur Þekkingarsetursins verður haldinn fimmtudaginn 6. maí.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 6. maí 2021 kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 16:15.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Fríða Stefánsdóttir - sign

Nanna Kristjana Traustadóttir - sign

Guðmundur Grétar Karlsson - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign